

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 12. júní 2026.

Mál nr. 478/2026:

**Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**

(Sonja Wium saksóknarfulltrúi)

**gegn**

**X**

(Leifur Runólfsson lögmaður)

## Lykilorð

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008.

## Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu L um að X yrði gert að sæta gæsluvarðhald. Í úrskurði Landsréttar kom fram að uppfyllt væru skilyrði c-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og að atvikum virtum stæði 3. mgr. sömu greinar því ekki í vegi að fallist yrði á kröfu L. Var hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og krafa L tekin til greina.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Eiríkur Jónsson, Jón Höskuldsson og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 10. júní 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 2026 í málinu nr. R-[...]/2026 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að varnaraðila yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 29. júní 2026, klukkan 15. Kæruheimild er í l-lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og framangreind krafa hans tekin til greina.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

## Niðurstaða

- Samkvæmt gögnum málsins hafði lögregla afskipti af varnaraðila í fjögur skipti á tímabilinu 24. mars til 7. júní 2026. Meðal ætlaðra brota varnaraðila sem lögregla rannsakar eru brot í nánu sambandi, hótanir og brot á nálgunarbanni. Fallist er á með héraðsdómi að fram sé kominn rökstuddur grunur um að varnaraðili hafi framið háttsemi sem fangelsisrefsing er lögð við og jafnframt að skilyrði c-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 fyrir gæsluvarðhaldi varnaraðila séu uppfyllt.

- 5 Að atvikum virtum stendur 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 því ekki í vegi að fallist verði á kröfu sóknaraðila. Með vísan til þessa verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi eins og krafist er og nánar greinir í úrskurðarorði.

### Úrskurðarorð:

Varnaraðili, X, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. júní 2026, klukkan 15.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 2026

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar 8. júní 2026.

Sóknaraðili er Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.  
Varnaraðili er X, kt. [...].

#### Dómkröfur

Þess er krafist að X, kt. [...], sæti gæsluvarðhaldi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, til mánudagsins 29. júní 2026, kl. 15:00.

#### Málsatvik

Í greinargerð sóknaraðila er atvikum lýst svo: Kærði er undir rökstuddum grun um ítrekuð brot gegn nálgunarbanni, líkamsárás, hótanir, brot gegn barnaverndarlögum, vopnalagabrot og önnur refsiverð brot gegn brotaþola.

Með ákvörðun lögreglustjóra sem birt var kærða þann 20. maí sl. var kærða gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotaþola og börnum hennar tveimur A, kt. [...] og B, kt. [...]. Nálgunarbannið felur meðal annars í sér bann við því að kærði komi á eða í námunda við heimili þeirra að [...], eða annan dvalarstað þeirra eða að [...]skóla og íþróttahúsinu [...] auk svæðis sem afmarkast af 50 metra rás umhverfis umrædda staði. Þá er kærða óheimilt að veita fjölskyldunni eftirför, nálgast hana á almannafæri eða setja sig í samband við hana með nokkrum hætti, þar á meðal með símtölum, smáskilaboðum, tölvupósti eða í gegnum samfélagsmiðla.

Þrátt fyrir framangreint liggur fyrir að kærði hefur ítrekað verið kærður og handtekinn vegna gruns um brot gegn nálgunarbanninu. Að mati lögreglu er sönnunarstaða málanna sterk, enda byggja þau meðal annars á trúverðugum og stöðugum framburði brotaþola, vitnaframburði, ljósmyndum og athugunum lögreglu á vettvangi. Þá hefur kærði í fleiri en einu tilviki verið handtekinn í beinum tengslum við ætlað brot á nálgunarbanninu.

Rannsókn málanna er umfangsmikil og stendur enn yfir. Unnið er að rannsókn fjölmargra brota sem kærði er grunaður um að hafa framið gegn brotaþola á undanförunum mánuðum. Meðal annars hefur verið lagt hald á rafræn tæki í eigu bæði kærða og brotaþola og stendur yfir ítarleg greining á efni þeirra. Markmið rannsóknarinnar er að ljúka gagnaöflun svo unnt verði að gefa út ákæru á næstu vikum.

Mál nr. 007-2026-[...]

Kærði er undir rökstuddum grun um líkamsárás gegn brotaþola þann 24. mars 2026 við heimili hennar að [...]. Lögreglan var send að beiðni Fjarskiptamiðstöðvar Ríkislögreglustjóra að [...] vegna konu sem var að öskra á hjálp. Það fylgdi einnig tilkynningunni að karlmaður hafi verið að draga konuna nauðuga inn í anddyri hússins.

Brotaþoli greindi lögreglu frá því að hún hafi yfirgefið heimili kærða og þegar hún hafi komið heim til sín hafi hann beðið fyrir utan heimili hennar og umsvifalaust ráðist á hana og tekið hana kverkataki. Hann hafi fleygt henni í snjóinn og haldið um háls hennar og þrengt að. Brotaþoli kvaðst hafa náð á að öskra á hjálp þegar hann losaði aðeins um takið á hálsinum en þegar hún byrjaði að öskra hafi hann hert takið aftur. Brotaþoli kvað kærða hafa hert svo fast að hálsinum að hún hafi átt erfitt með að anda. Brotaþoli sagði kærða einnig hafa bitið sig í vinstra handarbakið þegar hún lá í snjónum. Var hún með sjáanlega áverka á hálsi, vinstra handarbaki og framan á vörinni eftir árásina.

Kærði var handtekinn á vettvangi og var hann með blóðugar varir, klórfar fyrir neðan hægra auga og áverka á miðjufingri hægri handar. Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst hann ekki þekkja brotaþola og ekki vita neitt um málið. Hann kvaðst hafa verið hjá vinnufélaga sínum en gat ekki gefið upp hver hann var né hvar hann byggdi. Hann greindi frá því að vinnufélaginn búi tveimur götum fyrir ofan átökin og hann hafi heyrt einhvern öskra á hjálp og komið til aðstoðar.

Mál lögreglu nr. 007-2026-[...]

Þann 1. apríl 2026 hafði brotaþoli samband við lögreglu vegna kærða. Sýndi hún lögreglu skjáskot af hótunum sem hún hafi fengið frá honum. Brotaþoli kom í skýrslutöku vegna málsins og greindi frá því að um leið og kærði hafi verið laus úr haldi lögreglu þann 25. mars sl. hafi hann byrjað að hringja í hana og senda henni skilaboð með hótunum.

Brotaþoli kvað kærða hafa hótað að brjóta fæturna á börnunum hennar. Hún hafi lokað á hann á öllum samfélagsmiðlum og hann hafi í kjölfarið byrjað að senda henni tölvupósta. Hún greindi frá því að hann hringi í hana á hverjum degi úr leyninúmeri. Þá hafi hann sett myndir af sér á samfélagsmiðla og auglýst hana til vændiskaupa. Hann hafi jafnframt sett myndir af dóttur hennar á netið og sagt hana vera „grimma“ eða „vonda“ stelpu. Þá hafi hann hafa búið til nýjan aðgang á samfélagsmiðlum sem hann hafi notað til þess að biðja fjölskyldumeðlimi hennar um pening svo hún kæmist aftur til [...]. Hann hafi breytt mynd af henni svo hún liti út fyrir að vera í bol með [...] fánanum og að hún væri að styðja [...]. Hann hafi einhvern veginn komist inn í símkortið hjá dóttur hennar og náð að svara í símanúmerinu hennar. Þá hafi hann átt í óbeinum hótunum við fjölskylduna með því að segja að ef hann myndi hitta börnin hennar að þá myndi hann ekki spila fótbolta með þeim heldur myndi hann gera eitthvað annað og að það væri gott að þau fjölskyldan svæfu ekki við glugga því þá myndi eitthvað gerast við þau. Hafi kærði einnig sent innheimtu í heimabanka brotaþola fyrir einni milljón.

Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst kærði ekki kannast við framangreint og vildi lítið tjá sig um samband hans við brotaþola. Hann viðurkenndi að hafa sent henni innheimtu í heimabankann en það hafi verið grín. Þá greindi hann frá því að þegar hann hafi verið handtekinn þann 25. mars að þá hafi hann og brotaþoli verið að rífast en gat ekki lýst rífrildinu á neinn hátt. Einnig viðurkenndi hann að hafa logið í fyrri skýrslutöku en hann hafi gert það til þess að vernda brotaþola. Kærði neitaði að hafa sett myndir af henni á internetið og að hafa verið að auglýsa hana í vændi.

Í kjölfar skýrslutöku af kærða þann 17. apríl 2026 skrifaði kærði undir yfirlýsingu um Selfossleiðina þar sem hann samþykkti að vera ekki í samskiptum við brotaþola frá 17. apríl 2026 til 17. október 2026.

Þann 18. maí 2026 kom brotaþoli á lögreglustöðina í [...] til að tilkynna að kærði væri að brjóta gegn Selfossleiðinni og að hann væri enn að áreita hana á internetinu ásamt því að senda henni hótanir í gegnum tölvupóst. Greindi hún frá því að hann væri búinn að senda sér yfir hundrað tölvupósta frá 17. apríl.

Hann hafi sett sig í samband við hana strax eftir að hann lauk skýrslutöku hjá lögreglu en þá hafi hann greint henni frá því að hann myndi ekki gera neitt og að hún ætti ekki að láta lögregluna vita af samskiptunum. Í kjölfarið hafi hann sent henni myndband þar sem hann hafi verið búinn að setja mynd af henni og honum á svo kallaðar woodoo dúkkur og á myndbandinu hafi einnig verið hauskúpur, drungaleg tónlist og fleira í þeim dúr. Einnig hafi hann sent henni tölvupóst þar sem hann kvaðst vona að börnin hennar yrðu bráðum á sama stað og C en C er barn kærða og brotaþola sem dó í móðurkviði.

Þá hafi hann komið á vinnustað hennar og hafi greint henni frá því í símtali að hann hafi komið þangað til þess að reyna að hræða hana því hún væri ekki að svara símtölum. Hann hafi jafnframt komið á heimili hennar.

Þá liggur fyrir að kærði breytti lögheimilisskráningu sinni þann 22. maí 2026 og var um tíma skráður til lögheimilis að [...], þar sem brotaþoli býr. Í skýrslutöku gat kærði ekki gefið neinar skýringar á þessari skráningu, sem lögregla telur sýna einbeittan vilja til að sniðganga fyrirmæli nálgunarbannsins.

Mál lögreglu nr. 007-2026- [...]

Þann 3. júní 2026 virkjaði brotaþoli öryggishnapp sinn þegar hún varð vör við kærða í strætóskýli við [...]. Að sögn brotaþola nálgadist kærði hana grímuklæddur, ræddi við hana um samskipti hennar við lögreglu og sagði að það myndi „enda illa“ fyrir hana ef hún héldi þeim áfram. Þá hafi hann dregið fram rafvopn og sýnt henni það í hótunarskýni á meðan hann ræddi um börn hennar.

Brotaþoli kvaðst hafa orðið gríðarlega hrædd um líf sitt og barna sinna. Lögregla taldi málið ekki þola bið og hafði upp á ákærða til þess að handtaka hann. Við húsleit fundust tvö rafvopn úlpu hans auk meintra fíkniefna. Við prófun lögreglu á rafvopnunum sem fundust var staðfest að tækin voru virk. Kærði neitaði sök og hélt því fram að tækin væru ónothæf.

Mál lögreglu nr. 007-2026- [...]

Loks var kærði handtekinn þann 7. júní 2026 í Smáralind eftir að brotaþoli hafði aftur virkjað öryggishnapp sinn. Lögreglumenn sem komu á vettvang sáu kærða ganga á eftir brotaþola í aðeins nokkurra metra fjarlægð. Kærði var handtekinn á staðnum grunaður um enn eitt brot gegn nálgunarbanni.

Brotaþoli greindi frá því að hún hefði fyrr sama dag séð kærða við heimili sitt þar sem dóttir hennar var að leik. Þá sýndi hún lögreglu þrjú ósvöruð símtöl úr símanúmeri sem hún sagði tilheyra kærða. Lögreglumenn staðfestu á vettvangi að umrætt númer væri í virkri notkun hjá kærða með því að hringja í númerið og sjá síma hans hringja í höndum hans.

Skýrsla var tekin af kærða þann 8. júní 2026 að lokinni dvöl hans í fangageymslu. Kærði neitaði sök. Hann kvaðst hafa farið í Hagkaup til að kaupa sér drykk og sigarettur og í kjölfarið farið á hótél í nágrenni Smáralindar. Kærði gat hvorki greint frá nafni hótelsins né lýst því með nokkrum hætti. Hann kvaðst síðar

hafa ætlað að fara í Smáralind til að kaupa lyf og að fundur hans við brotaþola þar hafi verið tilviljun ein. Hann neitaði því að hafa haft ásetning til að nálgast eða hitta brotaþola.

Kærði neitaði jafnframt að hafa haft samband við brotaþola símleiðis og hafnaði því að símanúmerið sem brotaþoli vísaði til væri í hans eigu eða umráðum.

Að mati lögreglu er framburður kærða um framangreind atriði ótrúverðugur. Frásögn hans af ferðum sínum umrætt sinn er óljós og ósamkvæm að því leyti að hann gat hvorki greint frá nafni né lýst því hóteli sem hann kveðst hafa dvalið á skömmu áður. Þá samræmist framburður hans ekki öðrum fyrirbyggjandi gögnum málsins. Lögregla hefur óskað eftir upptökum úr öryggismyndavélum í Smáralind og bíður niðurstöðu þeirrar gagnaöflunar.

Af framangreindu verður ráðið að kærði hefur ítrekað og kerfisbundið virt að vettugi skýr fyrirmæli lögreglu a um að halda sig frá brotaþola. Þrátt fyrir handtökur, skýrslutökur, rannsókn lögreglu og virkt nálgunarbann hefur hann haldið áfram að nálgast brotaþola, fylgst með börnum hennar, hótað henni með vopni og valdið henni verulegum ótta um líf og limi.

Atvik síðustu vikna bera með sér stigvaxandi, einbeitta og viðvarandi háttsemi sem gefur sterkar vísendingar um að kærði muni halda áfram brotum sínum verði hann látinn laus.

## Lagarök

Í greinargerð er krafa sóknaraðila rökstudd þannig:

Lögreglustjóri telur að kærði sé undir rökstuddum grun um að hafa gerst sekur um ítrekuð og alvareleg brot gegn brotaþola og börnum hennar s.s. umsáturseinelti, hótanir og brot a nálgunarbanni gegn brotaþola og börnum hennar.

Telur lögreglustjóri að ætla megi að kærði muni halda áfram brotum meðan málum hans er ólokið í refsivörslukerfinu. Að mati lögreglustjóra er ljóst að kærði hefur einbeittan brotavilja og virðist ekkert lát vera á brotum hans þrátt fyrir að hann sæti nálgunarbanni.

Telur lögreglustjóri nauðsynlegt að stöðva brotastarfsemi hans, sem ógnar velferð og friðhelgi brotaþola og barna henna. Með vísan til framangreinds telur lögregla yfirgnæfandi líkur á því að hann muni halda brotastarfsemi sinni áfram sé hann frjáls ferða sinna og því nauðsynlegt að kærði sæti gæsluvarðhaldi meðan rannsókn máls hans stendur yfir og meðferð mála hans fyrir dómi.

Telur lögreglustjóri því skilyrðum fyrir gæsluvarðhaldi á grundvelli c-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 því fullnægt.

Lögreglustjóri byggir kröfu sína einnig á því að skilyrðum d. liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 sé fullnægt enda sé nauðsynlegt að kærði sæti gæsluvarðhaldi til að verja aðra fyrir árásum hans og ofbeldi og tryggja friðhelgi einkalífs þeirra. Er hér einkum átt við börn brotaþola.

Sérstaklega er vísað til þess, bæði varðandi c- og d-liði 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, að vægari úrræði hafa ekki nægt til að tryggja friðhelgi brotaþola og vernda hana og börn hennar fyrir kærða.

Fyrir hendi er bæði sterkur og rökstuddur grunur um að kærði hafi ítrekað virt slík úrræði, m.a. nálgunarbann, að vettugi og haldið áfram brotum sínum.

Með vísan til alls framangreinds, hinna umfangsmiklu gagna málsins, c.- og d.- liða 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, 218. gr. b., 232. gr., 232. gr. a., 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, telur lögreglustjóri brýna hagsmuni standa til þess að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. júní 2026 til kl. 15:00.

## Niðurstaða

Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 verður sakborningur því aðeins úrskurðaður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem fangelsisrefsing er lögð við. Auk þess verða að vera fyrir hendi eitthvert þeirra skilyrða sem þar eru talin upp í fjórum stafliðum. Meðal þeirra er í c-lið, að ætla megi að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið og í d-lið, að telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings ellegar hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra.

Nú eru til rannsóknar hjá lögreglu m.a. ítrekuð brot varnaraðila gegn nálgunnarbanni og líkamsárás á hendur brotaþola sem er fyrrverandi kærasta varnaraðila. Varnaraðili neitar sök í þeim skýrslum sem teknar hafa verið af honum hjá lögreglu.

Varnaraðili var handtekinn í gær, 7. júní, grunaður um brot gegn nálgunarbanni. Af kröfu lögreglu og framlögðum gögnum má greina að rökstuddur grunur er uppi um að varnaraðili hafi framið brot, sem varðað geta fangelsisrefsingu.

Brot varnaraðila ná a.m.k. aftur til mars 2026. Málsgögn bera með sér að varnaraðili hafi veist að brotaþola og börnum hennar m.a. með ofbeldi og hótunum auk þess sem varnaraðili er grunaður um að hafa ítrekað haft samskipti við brotaþola með tölvupóstum eða á annan hátt.

Af málsgögnum verður ráðið að rannsókn málanna er mislangt komin. Þá liggur fyrir að 17. apríl 2026 undirritaði varnaraðili yfirlýsingu um friðhelgi, sbr. Selfossleiðin, þar sem hann skuldbatt sig til að koma ekki á eða við heimili brotaþola, veita henni eftirför, heimsækja eða vera á annan hátt í sambandi við hana, svo sem með símtölum eða tölvupósti. Þá hefur brotaþoli verið með öryggishnapp sem hún hefur samkvæmt málsgögnum notað þegar varnaraðili hefur nálgast hana. Þá lagði sóknaraðili nálgunarbann á varnaraðila sem kynnt var honum 20. maí sl. þar sem honum var meinað að setja sig í samskipti við brotaþola eða börn hennar og nálgast þau. Síðan þá hefur brotaþoli tvisvar virkjað öryggishnapp sinn þar sem varnaraðili hafi nálgast hana auk þess sem hún ber því við að varnaraðili hafi síðan þá hringt í hana.

Lögregla hefur haft afskipti af varnaraðila þannig staðsettum að grunur leikur á að hann hafi verið að brjóta gegn nálgunarbanni. Þá hefur varnaraðili ítrekað verið í samskiptum við brotaþola m.a. á samskiptamiðlum. Má af framangreindu ráða að núverandi ráðstafanir duga ekki til að verja brotaþola vegna varnaraðila.

Þegar litið er til háttsemi varnaraðila eins og hún birtist í gögnum málsins má því ráða að þörf sé á því að verja brotaþola fyrir brotum varnaraðila. Þá er einnig, með vísan til framangreinds og rannsóknargagna, fallist á það með lögreglustjóra að ætla megi að varnaraðili haldi áfram afbrotum hafi hann óskert frelsi. Samkvæmt framangreindu er fullnægt skilyrðum c- og d-liðar 1. mgr. 95. gr. laganna. Eins og málið liggur fyrir þykir hins vegar ekki sýnt að þau brot sem varnaraðili er sakaður um muni hafa í för með sér þyngri refsingu en skilorðsbundna fangelsisrefsingu sbr. 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Er kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald hafnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

## Úrskurðarorð

Kröfu um að varnaraðili, X, kt. [...], sæti gæsluvarðhaldi er hafnað.